



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 11. september

2018

R14010250

020-2

Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna breytinga á borgarstjórnarsal

Á fundi borgarráðs 16. ágúst sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Óskað er eftir upplýsingum um kostnað og stöðu við framkvæmdir á borgarstjórnarsal í Ráðhúsi Reykjavíkur.“

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Borgarstjórnarsalnum í Ráðhúsi Reykjavíkur verður breytt með tilliti til fjölgunar borgarfulltrúa en salurinn hefur staðið nánast óbreyttur frá upphafi. Borðum verður skipt út og sett upp fundarumsjónarkerfi. Til viðbótar hefur verið unnið að viðgerðum á föstum búnaði, endurnýjun tölvukerfa, lökkun á gólfi og málun veggja. Auk þess verða öll ljós í salnum endurnýjuð og settur upp nýr skjávarpi. Lokið er við lökkun á gólfi, viðgerðum og málun. Unnið er að smíði borðanna og búið að kaupa fundarumsjónarkerfi. Sett hafa verið upp bráðabirgða borð sem síðan verða nýtt í Tjarnarsal og unnið er að uppsetningu fundarbúnaðar. Áætlaður kostnaður vegna viðhalds er krónur 22.000.000, vegna fjölgunar borgarfulltrúa er krónur 28.000.000 og vegna fundarumsjónakerfis er krónur 34.000.000.

Óli Jón Hertervig